

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÓSKAST

Félag atvinnurekenda leitar að framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins. Við leitum að sterkum einstaklingi sem hefur áhuga á að stýra hagsmunasamtökum inn- og útflytjenda. Hlutverk FA er að gæta hagsmuna aðildarfyrirtækja sinna með því að vera framvörður heilbrigðra verslunarháttá sem tryggir réttlátar leikreglur í samkeppni og eflir hag viðskipta og verslunar á Íslandi.

Starfssvið:

- Daglegur rekstur skrifstofu félagsins en þar starfa auk framkvæmdastjóra 3 starfsmenn
- Ráðgjöf við félaga í FA og aðaltengiliður þeirra
- Öflun nýrra félaga
- Talsmaður samtakanna gagnvart stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum
- Fylgjast með hagþróun og opinberri stefnumótun
- Skýrslugerð og eftirfylgni
- Þátttaka í öðum verkefnum í samvinnu við stjórn félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða úr hagfræði eða lögfræði æskileg
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla í krefjandi starfi
- Góð reynsla af greiningarvinnu
- Almenn rekstrarþekking
- Reynsla frá kennslu eða almannatengslum
- Áhugi á efnahagsmálum og hagsmunum verslunarstéttar í landinu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn málakunnátta

Við bjóðum:

- Áhugavert starf hjá félagasamtökum sem byggja á gömlum grunni
- Tækifæri til að hafa áhrif á þróun verslunar í landinu
- Góð tengsl við mörg áhugaverð fyrirtæki sem eru félagar í FA

Umsóknir óskast sendar til Félags atvinnurekenda, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík fyrir 15. september nk. eða til formanns FA, Birgis Bjarnasonar á netfangið birgir@isa.is. Hann veitir ennfremur nánari upplýsingar um starfið.

Félag atvinnurekenda var stofnað 1928 og hefur staðið vörð um hagi íslenskrar verslunar í 86 ár. Félagsmenn sem eiga aðild að samtökunum eru helstu fyrirtækin í inn- og útflytningi á Íslandi. Gildi FA eru: Heiðarleiki og frumkvæði.